

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

1. gr.

Við XIV. kafla bætist ný grein, 55. gr. a., sem orðast svo:

Sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við Siglingastofnun, hefur heilbrigðiseftirlit með skipum og gefur út vottorð um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Vottorð skulu vera á ensku og í samræmi við fyrirmynd í fylgiskjali 4 og gilda í sex mánuði hið mesta. Framlengja má vottorð um einn mánuð ef ekki er unnt að framkvæma skoðun eða beita tilskildum sóttvarnarráðstöfunum í viðkomandi höfn. Heilbrigðisnefnd er heimilt að framlengja vottorð um sóttvarnarundanþágu um einn mánuð í senn þar til skip nær til hafnar sem getur gefið út sóttvarnavottorð.

Heimilt er að veita vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip í þeim höfnum sem tilgreindar eru í töflu 1 í fylgiskjali 5. Eingöngu er heimilt að veita sóttvarnavottorð fyrir skip í þeim höfnum sem tilgreindar eru í töflu 2 í fylgiskjali 5.

Ef grunur er um hættu fyrir heilsu manna um borð og ekki eru til staðar gild vottorð um sóttvarnarundanþágu eða sóttvarnavottorð fyrir skip er heilbrigðisnefnd, að höfðu samráði við Siglingastofnun, heimilt að skoða skipið og getur í kjölfarið gripið til eftirfarandi aðgerða:

1. Ef engar vísbendingar eru um hættu fyrir heilsu manna getur heilbrigðisnefnd gefið út vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skipið.
2. Ef vart verður við hættu fyrir heilsu manna skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnarlækni um hana og með fullnægjandi hætti grípa til sóttvarnarráðstafana eða að sjá til þess að til þeirra verði gripið svo hún geti gefið út sóttvarnavottorð fyrir skipið. Ef aðstæður eru þess eðlis að ekki er unnt að ná fullnægjandi árangri við sóttvarnarráðstafanir, að mati heilbrigðisnefndar, skal gera athugasemd um það í sóttvarnavottorði skipsins. Nauðsynlegt er að ljúka sóttvarnarráðstöfunum áður en nýtt sóttvarnavottorð er veitt.

Útgerð farkosts greiðir kostnað vegna eftirlits og útgáfu vottorðs um sóttvarnarundanþágu eða útgáfu sóttvarnavottorðs.

Heilbrigðisnefnd skal senda Siglingastofnun og sóttvarnarlækni upplýsingar um útgáfu á vottorði um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð, ásamt upplýsingum um gildistíma þeirra.

Framangreind ákvæði eiga ekki við um fiskiskip, lystisnekkjur, björgunarbáta, hafnsögubáta, vitaskip, varðskip, dráttarskip, dýpkunarskip, né heldur um smáskip og báta sem eru minni en 200 brúttótonn.

2. gr.

Reglugerðin er sett með stoð í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til innleiðingar á ákvæðum alþjóða heilbrigðisreglugerðarinnar (IHR 2005) varðandi vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og sóttvarnavottorð fyrir skip, að höfðu samráði við samgönguráðuneyti, hvað hlutverk Siglingastofnunar varðar, og heilbrigðisráðuneyti, hvað hlutverk sóttvarnarlæknis varðar.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjöl.

(sjá PDF-skjal)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.